

Fjórði fundur Delta - deildar starfsárið 2017 – 2018
haldinn í veitingahúsinu Lækjarbrekku, Reykjavík, 15. mars 2018
Heimsókn í Veröld - Hús Vigdísar

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Sóley Sigurpórsdóttir, Hildur Þorsteinsdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Jensína Valdimarsdóttir og Ásta Egilsdóttir.

Forföll boðuðu: Theódóra Þorsteinsdóttir, Dagný Emilsdóttir, Brynja Helgadóttir, Gyða Bergþórsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Kristín Thorlacius, Þórunn Reykdal, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, Inga Stefánsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir og Ingibjörg Konráðsdóttir.

Dagskrá dagsins hófst á heimsókn í Veröld - Hús Vigdísar. Ólöf Ingólfssdóttir leiddi okkur um þessa mögnuðu veröld og fræddi okkur um heima hennar og geima. Að heimsókn lokinni var haldið að veitingahúsinu Lækjarbrekku þar sem formlegur fundur var haldinn og kvöldverður snæddur.

Dagskrá fundar:

1. Guðlaug setti fund kl.18.30
2. Jóhanna kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
3. Nafnakall. Fundarkonur lásu upp heilræði af spjöldum frá Hugarfrelsi.
4. Guðlaug flutti kveðjur frá fjarstöddum félagskonum og sagði jafnframt frá því að Valgerður Janusardóttir væri að færa sig í Delta deildina.
5. Matur borinn fram. Boðið var upp á sveppasúpu og löngu og kaffi í lokin.
6. Guðlaug las markmið DKG meðan súpan var borðin fram.
7. Ásta las fundargerði 3. fundar á milli rétta. Fundargerðin var samþykkt athugasemdalaust.
8. Lagið mitt. Að þessu sinni varð lagið Ferðalok, erlent lag við texta Jóns Sigurðssonar fyrir valinu en það var sunnið til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur. Lagið varð fyrir valinu vegna þess að Vigdís sendi karlalandsliði Íslands í fótbolta kveðju með þessu lagi þegar þeir spiluðu á EM í Frakklandi 2017.
9. Tiltekt í gögnum Delta. Guðlaug sagði frá ónotaðri gestabók og filmu sem fundust við tiltekt í gögnum Delta. Filman var í framköllun og spennandi að sjá hvað hún geymir. Hún sýndi einnig nýjustu fjárfestingu deildarinnar sem er flakkari og spunnust nokkrar umræður um hvernig flokka mætti gögn inn á hann.
10. Mér er efst í huga. Elísabet sagði frá kynnum sínum af Vigdísar Finnbogadóttur en þau áttu sér stað þegar Vigdís bauð sig fyrst fram til embættis forseta Íslands. Elísabet var rétt stigin inn í kosningabaráttuna með heimaforlki á Akranesi þegar henni hlaust sá heiður að hýsa Vigdísar og þjónusta hana á ferð hennar um svæðið. Var henni minnstætt hversu vel Vigdís náði til barnanna sem þær hittu og sá áhugi sem hún sýndi verkafólki fram yfir ráðamenn þeirra fyrirtækja sem þær heimsóttu. Elísabet og fjölskylda hennar átti svo eftirminnilega samverustund með Vigdísar og er Elísabetu einnig ógleymanleg sú stund þegar úrslit kosninganna lágu fyrir þar sem hún var stödd í dýrindis sólarlagi fyrir utan kosningaskrifstofuna á Akranesi. Sigrún tók undir orð Elísabetar og rifjaði upp minningar af stóra kosningafundinum hennar Vigdísar og sagði hann hafa verið ógleymanlega upplifun.

11. Frá sögunefndinni. Sigrún sýndi fundarkonum möppu með gögnum sem sögunefndin tók saman fyrir 30 ára afmæli Delta deildar og las upp formálann að samantektinni. Efnisyfirlit möppunnar er í tíu liðum og rætt var um að nýta þá sundurliðun sem grundvöll að flokkun gagna inn á flakkarann. Sigrún mun senda efnisyfirlitið til félagskvenna með beiðni um að þær komi á framfæri efni sem þær eiga í fórum sínum þannig að fylla mætti í þær eyður sem sögunefndin rakst á í skráningu sinni á starfsemi Delta.

Guðlaug þakkaði sögunefndinni fyrir vel unnin störf og þeirra framlag til deildarinnar.

12. Happprætti. Dregið var í happprættinu og fékk Sigrún vinninginn að þessu sinni.

13. Önnur mál:

- a. Uppstillinganefnd vinnur að því að setja saman nýja stjórn en ekki var komin niðurstaða ennþá.
- b. Jensína sá um að útvega gistingu fyrir þær félagskonur sem sækja á vorþingið á Egilsstöðum. Rætt um hvort hefð sé fyrir því að deildin taki þátt í kostnaði við að sækja þing landsambandsins. Fordæmi eru fyrir því að þátttökugjald hafi verið greitt sem og matur. Samþykkti fundurinn að deildin tæki einhvern þátt í kostnaði við þingið að þessu sinni.
- c. Rætt um stað og stund fyrir vorfund Delta deildar. Fundurinn verður haldinn í Þórshamri, Reykholti laugardaginn 12. maí n.k.

14. Fundi slitið kl. 21.00.

Ásta Egils

Ritari Delta deildar 2016 - 2018